

Ár 2015, mánudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör sýslumanna

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Samkvæmt lögum nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði eru embætti sýslumanna sjálfstæð undir stjórn sýslumanns í hverju umdæmi. Heyrir því undir kjararáð að ákveða þeim laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 19. desember 2014 frá innanríkisráðuneytinu. Í bréfinu segir að samkvæmt lögum nr. 50/2014 og 51/2014 hafi embætti sýslumanna og lögreglustjóra verið aðgreind og sameinuð á landsvísu þannig að úr hafi orðið níu embætti lögreglustjóra og níu embætti sýslumanna. Þrjú þessara embætta séu samkvæmt lögnum óbreytt. Það séu embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Suðurnesjum. Önnur embætti taki breytingum. Með bréfinu fylgdi tafla yfir þau embætti sem mynda hin nýju og fjölda stöðugilda sem gert er ráð fyrir að verði til í nýjum embættum. Fram kemur að fjöldi stöðugilda byggist á þeim fjölda sem verið hafi hjá embættunum. Einnig fylgdi bréfinu mynd sem sýnir landfræðilega afmörkun umdæmanna. Í bréfinu kemur fram að í grunninn séu verkefni einstakra embætta sýslumanna annars vegar og einstakra embætta lögreglustjóra hins vegar þau sömu. Þá segir að þótt grunnurinn sé sá sami séu embættin misstór, íbúafjöldi misjafn og landsvæði ólík og kalli á mismunandi hlutverk, sérstaklega í tilfalli lögreglustjóraumdæmanna. Þá hafi embættin tekið að sér sérverkefni frá hinum ýmsu stofnunum og ráðuneytum sem séu ólík. Endurspeglar þessi munur meðal annars í fjárheimildum, en bréfi ráðuneytisins fylgdi tafla yfir fjárheimildir stofnananna. Að mati ráðuneytisins séu þetta sjónarmið sem horfa þurfi til við mat á launum sýslumanna og lögreglustjóra í hinum mismunandi embættum. Einnig er vakin athygli á því að í ákvæði III til bráðabirgða í lögum nr 50/2014 sem fjalli um sýslumenn sé sérstaklega tekið fram að ráðherra skuli í samráði við forsætisráðherra láta semja aðgerðaáætlun fyrir Stjórnarráðið þar sem afmörkuð skuli þau stjórnarsýsluverkefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra sem ákjósanlegt sé að flutt verði til embætta sýslumanna.

Með bréfi dagsettu 30. janúar 2015 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var sýslumönnum með bréfum dagsettum sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 10. febrúar 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til þeirra breytinga sem orðið hafa á embættunum auk annarra viðmiðana við ákvörðun um launakjör sýslumanna.

Kjararáði bárust bréf frá öllum sýslumönnum í febrúar 2015. Í bréfunum eru hefðbundin verkefni sýslumanna rakin. Einnig er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem einstökum sýslumönnum hafa verið falin umfram hefðbundin verkefni. Þar má nefna rekstur innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar og útgáfu Lögbirtingablaðsins.

Með bréfum dagsettum 24. mars 2015 fengu sýslumenn sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Svör bárust frá fimm sýslumönnum í apríl 2015.

III.

Samkvæmt lögum nr. 50/2014 fara sýslumenn með framkvæmdarvald og stjórnábyrgð ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Með lögnum var sýslumannsembættunum fækkað úr 24 í níu. Í greinargerð með frumvarpi því sem varða að áður nefndum lögum segir að ekki sé gert ráð fyrir að breyta þeim verkefnum sem sýslumenn hafi haft með höndum að því undanskildu að sýslumenn fari ekki lengur með lögreglumálefni. Einnig segir að með sameiningu sýslumannsembætta verði til öflugri þjónustustofnanir sem standi betur að vígi til þess að sinna hlutverki sínu og taka að sér aukin verkefni.

Embætti sýslumanna heyrir undir innanríkisráðherra. Samkvæmt lögnum er landinu skipt í níu umdæmi sýslumanna sem eru á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Umdæmamörk sýslumannsembætta skulu ákveðin í reglugerð sem innanríkisráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og viðkomandi sýslumenn. Innanríkisráðherra ákveður í reglugerð hvar aðalskrifstofur sýslumanna skuli staðsettar. Ráðherra ákveður einnig í reglugerð, að höfðu samráði við viðkomandi sýslumann, hvar aðrar sýsluskrifstofur verði starfræktar og hvaða þjónustu þar skuli veita.

Sýslumönnum eru falin verkefni í fjölmörgum lögum. Má þar nefna lögræðislög, hjúskaparlög, barnalög, erfðalög, lög um skipti á dánarbúum o.fl., lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., lög um aðför, lög um nauðungarsölu, þinglýsingalög, lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og lög um kosningar til Alþingis. Samkvæmt 111. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. reglugerð nr. 1060/2014, eru sýslumenn, aðrir en sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, innheimtumenn ríkissjóðs. Annast þeir innheimtu skatta og gjalda hver í sínu umdæmi. Tollstjóri annast innheimtu á höfuðborgarsvæðinu. Þá fara sýslumenn með umboð Sjúkratrygginga Íslands og umboð Tryggingastofnunar Íslands hver í sínu umdæmi.

Samkvæmt áður nefndum lögum nr. 50/2014 getur innanríkisráðherra falið sýslumönnum framkvæmd tiltekinna sérverkefna auk lögbundinna verkefna. Þá getur ráðherra falið sýslumanni framkvæmd verkefna á landsvísi sem annars ættu undir aðra sýslumenn, ráðuneytið eða undirstofnanir þess, eftir því sem lög heimila. Með samþykki ráðherra geta sýslumenn annast framkvæmd verkefna fyrir aðrar ríkisstofnanir eða stjórnvöld með sérstökum samningi, enda standi ákvæði laga því ekki í vegi.

Innanríkisráðherra skipar sýslumann til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Sýslumaður skal, auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins, hafa náð 30 ára aldri, vera íslenskur ríkisborgari, vera svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu, hafa hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem sýslumenn verða almennt að njóta, hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi eða háskólaþrófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt. Ef sýslumanni er veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum getur ráðherra falið öðrum sýslumanni að gegna embættinu til allt að eins árs í senn og skal kjararáð ákveða þóknun vegna þess. Ráðherra getur einnig sett annan

mann sem fullnægir hæfisskilyrðum laganna til að gegna embættinu um stundarsakir í forföllum sýslumanns, þó aldrei lengur en til eins árs.

Sýslumenn bera faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri embætta sinna í samræmi við lög og önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Sýslumaður ræður starfslið við embætti sitt og ákveður aðsetur þess á aðalskrifstofu eða öðrum sýsluskrifstofum. Sýslumaður skal hafa forgöngu um reglulegt samráð við sveitarfélög og önnur stjórnvöld ríkisins um fyrirkomulag og samræmingu opinberrar þjónustu í umdæminu eftir því sem við getur átt. Ef óskað er eftir þjónustu sýslumanns utan hefðbundins vinnutíma og starfsstöðva og ekki er kveðið á um í lögum að sýslumanni sé skylt að sinna slíkum verkum á þeim tíma eða stað er sýslumanni heimilt að verða við beiðninni, enda sé greitt fyrir slíka þjónustu á grundvelli tímagjalds samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, að viðbættu akstursgjaldi. Gjald fyrir slíka þjónustu rennur óskipt til viðkomandi embættis.

Sýslumenn tilnefna árlega úr sínum hópi nefnd þriggja manna sem hefur það hlutverk að vinna með ráðuneytinu að stefnumótun fyrir sýslumannsembættin í heild og gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum sýslumanna eða löggjöf sem um verkefni þeirra gildir. Nefndin hefur einnig það hlutverk að vinna að sameiginlegum verkefnum sýslumanna svo sem útgáfu ársskýrslu fyrir embættin í heild, vera til ráðgjafar um þróun starfs- og upplýsingakerfa embættanna, annast sameiginlega vefsíðu embættanna og stuðla að símenntun og þjálfun stafsmanna þeirra. Nefndinni er heimilt að fela tilteknum sýslumanni framkvæmd einstakra verkefna undir yfirstjórn hennar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað sérstaklega um laun sýslumanna, en kjaranefnd ákvað þeim síðast laun 2. júlí 2001. Frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og kjararáðs. Sýslumannsembættin eru gamalgrónar stjórnarsýslu- og þjónustustofnanir samfélagsins sem hafa farið með framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði. Með nýjum lögum um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, sem tóku gildi 1. janúar 2015, eru sett á fót ný embætti sýslumanna. Með lögnum var sýslumannsembættunum fækkað úr 24 í níu. Þannig eru sýslumannsembættin nú færri en áður en landfræðilega stærri að undanskildu umdæmi embættis sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Samhliða þessari breytingu var yfirstjórn lögreglumála færð frá sýslumönnum til nýrra lögregluembætta. Sýslumenn gegna fjölbreyttu hlutverki að lögum svo sem rakið hefur verið hér að framan. Fram hefur komið að ráðherra getur falið sýslumönnum framkvæmd tiltekinna sérverkefna auk lögbundinna verkefna. Þá getur ráðherra falið sýslumanni framkvæmd verkefna á landsvísu sem annars ættu undir aðra sýslumenn, ráðuneytið eða undirstofnanir þess, eftir því sem lög heimila. Þannig geta verkefni sýslumanna að einhverju leyti verið mismunandi og breytileg eftir umdæmum. Í grunninn eru verkefni sýslumanna þó þau sömu óháð umdæmi og hæfniskröfur þær sömu.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör sýslumanna skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2015 skulu mánaðarlaun sýslumanna, annarra en sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 136, nú 817.398 krónur. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 138, nú 873.942 krónur.

Að auki skal greiða sýslumönnum, öðrum en sýslumanninum í Vestmannaeyjum og sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Sýslumanninum í Vestmannaeyjum skal greiða 23 einingar á mánuði og sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu skal greiða 60 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Að auki skal greiða þeim sýslumönnum sem fara með innheimtu tekna ríkissjóðs í sínu umdæmi fyrir yfirvinnu með hliðsjón af innheimtuárangri samkvæmt eftirfarandi reglu: Stundafjöldi til greiðslu í hverjum mánuði skal vera 1,1355 í veldinu (ih-70), þar sem ih er innheimtuárangur í hundradshlutum. Miðað skal við álögd gjöld hvers árs og hvað hafi innheimst af þeim fyrir 1. júlí árið á eftir. Þau gjöld sem um ræðir eru virðisaukaskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda, tryggingagjald og þinggjöld. Innheimtuhlutfallið skal reiknað með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár. Innheimtulaun eru gerð upp árlega þegar upplýsingar um innheimtuárangur liggja fyrir, þó eigi síðar en í nóvember ár hvert.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör sýslumanna gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber